



# FYRIRMYNDARVERKEFNI LEONARDÓ

GÆÐAVIDURKENNING FYRIR MANNASKIPTAVERKEFNI 2005 - 2006



Education and Culture DG  
Lifelong Learning Programme

## INNIHALD

Þjálfun slökkviliðsmanna	4
Staðfesting á raunfærni; samvinna skóla og vinnustaða	5
Vetni, kynning á nýjum orkugjafa	6
Kirkjan í breyttu umhverfi	7
Þjálfun starfsfólks fræðslumiðstöðvar	8
Færni í ferðaþjónustu	9
Umhverfisvænar aðferðir við hársnyrtingu	10
Vinnutengt nám erlendis	11
Þjálfun rafvirkjanema	12

## FORMÁLI

Leonardo da Vinci er starfsmenntaáætlun Menntaáætlunar Evrópusambandsins. Markmið Leonardó áætlunarinnar er að efla iðn- og starfsmenntun. Hlutverk hennar er að geta af sér nýjungar í starfsmenntun og gefa nemendum í iðn- og starfsnámi og fólki á vinnumarkaði tækifæri til að afla sér reynslu og þekkingar innan síns fagsviðs í rúmlega 30 Evrópulöndum.

Leonardó áætlunin hóf göngu sína árið 1995 og hafa mannaskiptaverkefni notið vinsælda allt frá upphafi á Íslandi. Um 2500 Íslendingar hafa fengið styrk til starfsþjálfunar í gegnum áætlunina og eru þátttakendur nú á bilinu 200 – 250 á ári.

Aukin áhersla er lögð á gæði í mannaskiptaverkefnum. Verkefni, sem fela í sér ráðstafanir til að búa styrkþega undir tungumála- og menningarmun, fela í sér skýra lýsingu á markmiðum, innihaldi og lengd dvalar og hvernig kennslu og þjálfun verður háttað, njóta forgangs. Einnig skiptir miklu máli að sýnt sé fram á það hvernig árangur verður sannreyndur og að starfsþjálfunin sé metin að fullu inn í nám þeirra. Þetta eru þeir þættir sem hafðir eru að leiðarljósi við val fyrirmyndarverkefna.

Við val á fyrirmyndarverkefnum er unnið samkvæmt ákveðnum verklagsreglum sem þróaðar hafa verið í samstarfi 12 evrópskra landsskrifstofa. Til þess að standa að vali á íslenskum fyrirmyndarverkefnum að þessu sinni var valinn hópur sérfræðinga um málefnið. Í nefndinni áttu sæti auk starfsfólks frá Landskrifstofu Menntaáætlunar ESB, fulltrúi frá menntamálaráðuneyti, skólakerfi og atvinnulífi. Þau atriði sem skoðuð voru með tilliti til matsins eru eftirfarandi:

- Frumleiki (Innovation)
- Stjórnun (Project management)
- Niðurstöður og árangur (Results and benefits)
- Áhrif (Mobility within the institutional context)

### VEITTAR VERÐA VIÐURKENNINGAR FYRIR TVO FLOKKA MANNASKIPTAVERKEFNA:

- Fólk í grunnstarfsnámi og fólk á vinnumarkaði
- Kennarar, leiðbeinendur og stjórnendur

Þetta er í þriðja sinn sem valin eru Leonardó fyrirmyndar mannaskiptaverkefni og veittar eru viðurkenningar fyrir gæði. Í þessu riti er að finna upplýsingar um 9 af 54 verkefnum árána 2005 – 2006 sem hæsta einkunn hlutu í mati. Það er von okkar, sem að þessu stöndum, að viðurkenningin verði verkefnisstjórum hvatning til áframhaldandi góðra verka og auki vöxt og velgengi Leonardó mannaskiptaverkefna á Íslandi.

# ÞJÁLFUN SLÖKKVILIÐSMANNA

Verkefnisnúmer	EX-ISL-05-A-406
Umsækjandi	Brunamálaskólinn
Tengiliður	Elísabet Pálmadóttir
Heimilisfang	Skúlagata 21, 101 Reykjavík
Netfang	elisabet@brunamal.is
Sími	591 6000
Markhópur	Leiðbeinendur og stjórnendur
Samstarfsaðilar	Ráððningsverket - Svíþjóð



## LÝSING Á VERKEFNINU

Í þessu verkefni tóku tuttugu leiðbeinendur slökkviliðsmanna og slökkviliðsstjórar þátt í vikulangri þjálfun við sérhæfðan brunavarnarskóla í Svíþjóð. Á námskeiðinu var lögð áhersla á undirbúning, skipulagningu og framkvæmd þjálfunar slökkviliðsmanna. Íslensku þátttakendurnir komu frá slökkviliðum um allt land, en í sumum smærri sveitarfélögum sjá slökkviliðsstjórar um þjálfun annarra slökkviliðsmanna á svæðinu og því er sí- og endurmenntun sérstaklega mikilvæg. Námskeiðið fólst í framhaldsþjálfun leiðbeinendana, en grunnþjálfunin er skipulögð af Brunamálaskólanum. Í lok dvalarinnar tóku leiðbeinendurnir próf og fengu í framhaldi af því viðurkenningu sem fullgildir leiðbeinendur slökkviliðsmanna.

## GÆÐAMAT

Verkefnið fær viðurkenningu fyrir stjórnun, árangur og niðurstöður. Verkefnisstjórnun var til fyrirmyndar og verkefnisstjórninn hélt einstaklega vel utan um alla þætti í framkvæmd verkefnisins. Undirbúningurinn var sérstaklega góður, skipulagt var tveggja daga námskeið í Reykjavík áður en haldið var til Svíþjóðar sem auk faglegs undirbúnings þétti hópinn saman og styrkti samstarfsnetið. Matsþáttur verkefnisins er ekki síður mikilvægur en námskeiðið er að fullu metið og gefur þátttakendum réttindi sem leiðbeinendur við Brunamálaskólann. Síðast en ekki síst skilar námskeið sem þetta sér beint til almennings í gegnum aukid öryggi í störfum slökkviliðsmanna.

# STAÐFESTING Á RAUNFÆRNI; SAMVINNA SKÓLA OG VINNUSTAÐA

Verkefnisnúmer	EX-ISL-05-A-424
Umsækjandi	Verslunarskóli Íslands
Tengiliður	Hildur Friðriksdóttir
Heimilisfang	Ofanleiti 1, 103 Reykjavík
Netfang	verslo@verslo.is
Sími / fax	5900 600
Markhópur	Leiðbeinendur og kennarar
Samstarfsaðilar	OPTIMA Vocational School - Finnland



## LÝSING Á VERKEFNI

Verkefnið tengdist beint þróun á verslunarfagnámi sem skipulagt var af Verslunarskóla Íslands og ætlað fólki á vinnumarkaði. Námið samanstóð af faglegum og verklegum hluta þar sem metin var sú þekking sem starfsmennirnir öfluðu sér á vinnustaðnum. Framkvæmd raunfærnimats var nýjung og lítil reynsla hérlendis af framkvæmd og skipulagi náms af þessu tagi. Því var ákveðið að leita til Finnlands og heimsækja starfsmenntaskóla og fólk sem hafði reynslu af raunfærnimati og að skipuleggja svipað nám. Þátttakendur verkefnisins störfuðu allir beint við verslunarfagnámið (kennari, skipuleggjandi og tengiliður á vinnustað) og gátu því nýtt þá þekkingu sem þeir öfluðust beint í starfinu við námið. Áframhaldandi samvinna milli Norðurlandanna þar sem lögð var áhersla á þróun aðferða til að tengja hefðbundið og óformlegt nám í Evrópu var einnig ákveðin í framhaldi af verkefninu.

## GÆÐAMAT

Verkefnið fær viðurkenningu fyrir frumleika og hagnýtar niðurstöður fyrir umhverfið. Það tengist beint þróun á nýrri aðferðafræði, framkvæmd raunfærnimats og samvinnu atvinnulífs og skóla. Í slíku starfi er mikilvægt að komast í samband við fólk sem hefur reynslu af svipuðu starfi og læra af þeirra reynslu. Mikilvæg niðurstaða verkefnisins var sú að framhald varð á samvinnu aðila verkefnisins þar sem fleiri Evrópulönd tóku þátt og unnið var að þróun námsleiða fyrir fólk á vinnumarkaði.

# VETNI, KYNNING Á NÝJUM ORKUGJAFÁ

Verkefnisnúmer	EX-ISL-05-A-428
Umsækjandi	Íslensk NýOrka
Tengiliður	María Hildur Maack
Heimilisfang	Orkugarði, Grensásvegi 9, 108 Reykjavík
Netfang	maria.maack@newenergy.is
Sími	588 03 10
Markhópur	Leiðbeinendur og kennarar
Samstarfsaðilar	Electro-Ausbildungszentrum Aalen - Þýskalandi



## LÝSING Á VERKEFNI

Íslensk NýOrka skipulagði kynnisferð og námskeið til Þýskalands fyrir fjölbreyttan hóp kennara og leiðbeinenda til að kynna fyrir þeim notkun vetnis og þá tækni sem tengist vetnisnotkun. Þátttakendur voru 15; kennarar og leiðbeinendur frá verkmenntaskólum og sérfræðingar í véla- og rafiðnaði frá sveitarfélögum og fyrirtækjum. Þeir tóku þátt í námskeiði sem skipulagt var af Þýskum samstarfsaðila og heimsóttu fyrirtæki sem nýta vetni við sína starfsemi. Eftir heimkomuna fengu þátttakendur staðfestingu á þátttöku sinni í verkefninu. Markmið verkefnisins var að kennarar og leiðbeinendur lærðu nóg um vetni og nýtingu þess til þess að geta kynnt efnið áfram sérstaklega innan verkmenntaskólanna, en með því að kennarar kynni viðfangsefnið fyrir sínum nemendum má stuðla að aukinni almennri þekkingu á vetni og þá um leið áhuga.

## GÆÐAMAT

Verkefnið hlýtur viðurkenningu fyrir frumleika og niðurstöður. Framtak Íslenskrar NýOrku er afar jákvætt og miðar að því að efla þekkingu kennara og leiðbeinenda á vetni og tækni tengdri vetnisnotkun og stuðlar þannig að aukinni kynningu og þekkingu á viðfangsefninu. Vonir voru bundnar við að námsefni um vetni yrði kennt í verkmenntaskólum og hefur raunin orðið sú í nokkrum tilfellum. Þessi leið við kynningu er frumleg og áhugavekjandi.

# KIRKJAN Í BREYTTU UMHVERFI

Verkefnisnúmer	EX-ISL-05-A- 434
Umsækjandi	Reykjavíkurráðgjafsdæmi vestra
Tengiliður	María Ágústsdóttir
Heimilisfang	Hallgrímskirkja, Skólavörðuholti, 101 Reykjavík
Netfang	rpv@hallgrímskirkja.is
Sími	510 1032
Markhópur	Leiðbeinendur og stjórnendur
Samstarfsaðilar	Institutt for Sjelesorg - Noregi Sarum College - Bretlandi Stockholms Stadsmission - Svíþjóð



## LÝSING Á VERKEFNI

Í þessu verkefni gafst sjö prestum og djáknum tækifæri til að fara í vikudvöl til Evrópu til þess að kynna sér aðferðir og vinnubrögð í öðrum löndum. Þeir fóru til Svíþjóðar, Noregs og Englands og tóku þátt í námskeiðum og heimsóttu söfnuði. Hver ferð var skipulögð sérstaklega þannig að áherslur heimsóknanna voru mismunandi. Eins og fram kemur í nafni verkefnisins var meginmarkmið að skoða ýmsar aðstæður sem eru nýjar í samfélaginu og reyna að sjá hvernig kirkjan getur best tekið á þeim. Í einu tilfelli var t.d. skoðað sérstaklega hvernig kirkjan og heilbrigðiskerfið geta unnið saman við aðstoð fólks sem lifir á jaðri samfélagsins og á við ýmskonar vandamál að stríða.

## GÆÐAMAT

Verkefnið fær viðurkenningu fyrir árangur og ávinning fyrir umhverfið. Í viðleitni kirkjunnar til að koma til móts við breytingar sem verða á samfélaginu og þarfir fólksins, er afar mikilvægt fyrir starfsmenn hennar að fara til annarra landa, hitta fólk sem vinnur að samskonar málefnum og læra hver af öðrum. Þannig er stuðlað að aukinni þekkingu sem nýtist bæði einstökum starfsmönnum í þeirra starfi, en einnig þeim sem þurfa á aðstoð kirkjunnar að halda.

## ÞJÁLFUN STARFSFÓLKS FRÆÐSLUMIÐSTÖÐVAR

Verkefnisnúmer	EX-ISL-05-A-432
Umsækjandi	IDAN fræðslusetur
Tengiliður	Helen Williamsdóttir Grey
Heimilisfang	Skúlatún 2, 105 Reykjavík
Netfang	helen@idan.is
Sími	590 6400
Markhópur	Leiðbeinendur, kennarar og stjórnendur
Samstarfsaðilar	Larcentrum Jamtland - Svíþjóð, CNA CEFAG - Frakkland Glasgow Metropolitan college - UK, EDU-VET - Finnland, Den jyske Handværkerskole - Danmörk Roskilde Universitetscenter - Danmörk, Festo Didactic GmbH & Co - Þýskaland



### LÝSING Á VERKEFNI

Í framhaldi af stofnun lðunnar fræðsluseturs, fóru þrettán starfsmenn í heimsóknir til skóla, stofnana og fyrirtækja í Svíþjóð, Finnlandi, Danmörku, Bretlandi og Þýskalandi. Markmiðið var að kynna því hvað aðrir eru að gera á þeirra fagsviðum í Evrópu og til að afla tengsla með áframhaldandi evrópskt samstarf í huga. Hver ferð var miðuð við ákveðið fagsvið og fóru starfsmenn ýmist einir eða í litlum hópum, en sameiginlegt markmið þátttakenda var að finna leiðir til að styrkja eigin fagsvið og efla kennsluna. Verkefnið var afar mikilvægt fyrir nýja stofnun sem hefur það að markmið að efla fræðslu í starfsmenntun og hefur það skilað mikilvægum tengslum og evrópsku samstarfi.

### GÆÐAMAT

Verkefnið fær viðurkenningu fyrir árangur og ávinning fyrir umhverfið. Hver ferð var vel skipulögð og hafði markmið viðkomandi fagsviðs að leiðarljósi. Óflun tengsla með frekara samstarf í huga var einnig skilgreint markmið. Verkefnið var afar mikilvægt fyrir nýja stofnun sem hefur það að markmið að efla fræðslu í starfsmenntun og hefur það skilað mikilvægum tengslum og evrópsku samstarfi.

# FÆRNI Í FERÐAÞJÓNUSTU

Verkefnisnúmer	ISL/06/A/INS/164026
Umsækjandi	Starfsgreinasamband Íslands
Tengiliður	Skúli Thoroddssen
Heimilisfang	Sættún 1, 105 Reykjavík
Netfang	skuli@sgs.is
Sími	562 6410
Markhópur	Kennarar, leiðbeinendur og stjórnendur
Samstarfsaðilar	PAM - Service Union United - Finnland Hotel and Restaurant Workers Union - Svíþjóð



## LÝSING Á VERKEFNI

Verkefnið er samstarfsverkefni Starfsgreinasambands Íslands og Samtaka ferðaþjónustunnar og tengist beint vinnu við þróun á námsskrá fyrir ófaglært starfsfólk í ferðaþjónustu. Við undirbúning þessa verkefnis var mikilvægt að skoða hvernig aðrar þjóðir hefðu skipulagt nám fyrir þennan markhóp og ákveðið að velja Finnland og Svíþjóð. Þátttakendur verkefnisins voru allir tengdir endurmenntun fólks á vinnumarkaði og komu frá ferðaþjónustunni sem og stofnunum á sviði menntunar og endurmenntunar. Niðurstöður heimsóknarinnar komu sér mjög vel í námskrárgerðinni, en þátttakandur komu heim með nýjar hugmyndir og efni sem og sterkari tengsl innan ferðaþjónustunnar í Evrópu. Námskráin var tilbúin til notkunar hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins vorið 2007 og hefur verið nýtt við kennslu fólks á vinnumarkaði og einnig er unnið að því að hefja kennslu í framhaldsskólum.

## GÆÐAVIDMIÐ

Verkefnið fær viðurkenningu fyrir frumleika, stjórnun, árangur og niðurstöður. Það var mikil þörf fyrir menntun fyrir ófaglært fólk í ferðaþjónustu og er verkefnið byggt á faglegri þarfagreiningu. Markmið heimsóknanna til Finnlands og Svíþjóðar voru skýr, þátttakendurnir allir tengdir verkefninu og niðurstöður þeirra nýttar beint í vinnuna við gerð námsskrár, sem nú er komin í notkun fyrir fólk á vinnumarkaði og unnið er að því að hefja kennslu ferðaþjónustubrautar innan framhaldsskólakerfisins.

## UMHVERFISVÆNAR AÐFERÐIR VIÐ HÁRSNYRTINGU



Verkefnisnúmer	ISL/06/A/INS/164027
Umsækjandi	Félag hársnyrtisveina
Tengiliður	Súsanna Björg Vilhjálmsdóttir
Heimilisfang	Stórhöfði 25, 110 Reykjavík
Netfang	fhs@klipp.is
Sími	588-0806
Markhópur	Leiðbeinendur, kennarar og stjórnendur
Samstarfsaðilar	CPH West - Danmörk

### LÝSING Á VERKEFNI

Í þessu verkefni fóru fjórir fulltrúar Félags hársnyrtisveina til Danmerkur til að kynna sér hugmyndafræði og notkun umhverfisvænna aðferða í hársnyrtingu, sækja námskeið og kynna sér starfsemi umhverfisvænna hársnyrtistofa og vottunarkerfi fyrir slíkar stofur. Markmið ferðarinnar var að afla þekkingar og stuðla að því að styrkja og innleiða umhverfisvæna hugsun í hársnyrtingu á Íslandi. Mikið er um ofnæmi í greininni vegna notkunar sterkra efna og því myndi notkun mildari efna hafa góð áhrif á starfsfólk sem og viðskiptavini. Það var afar mikilvægt fyrir markmið verkefnisins að þátttakendurnir tengjast allir menntun í faginu og í framhaldi af verkefninu var málefnið kynnt innan greinarinnar og hjá menntayfirvöldum, þar sem stefnt var að því að koma fræðslu um umhverfisvænar aðferðir inn í námsefni hársnyrtináms.

### GÆÐAVIDMIÐ

Verkefnið fær viðurkenningu fyrir frumleika, árangur, niðurstöður og ávinning fyrir umhverfið. Innleiðing umhverfisvænnar hugsunar í hárgreiðslu er ný á Íslandi en afar mikilvæg, sérstaklega með tilliti til mikils brottfalls úr greininni sökum ofnæmis vegna notkunar mjög sterkra efna. Umhverfisvæn hugsun er einnig mikilvæg fyrir viðskiptavini og þjóðfélagið í heild. Árangur verkefnisins var mjög mikill þar sem þátttakendur tengdust menntun og þróun í greininni beint og lögðu mikla áherslu á að umhverfisvæn aðferðafræði yrði hluti af námi í hársnyrtingu og stefndu að víðtækri kynningu innan greinarinnar, m.a. með námskeiðshaldi.

## VINNUTENGT NÁM ERLENDIS

Verkefnisnúmer	PL-ISL-05-A-419
Umsækjandi	Verkmenntaskóli Austurlands
Tengiliður	Jóhann Zoega
Heimilisfang	Mýrargötu 10, 740 Neskaupstað
Netfang	Johann@va.is
Sími	477 1620
Markhópur	Fólk í grunnstarfsnámi
Samstarfsaðilar	Johnbauergymnasíet - Svíþjóð



### LÝSING Á VERKEFNI

Í þessu verkefni fengu fjórir nemendur frá Verkmenntaskóla Austurlands tækifæri til að heimsækja sænskan verkmenntaskóla og dvelja þar í þrjár vikur, kynnast námsumhverfinu og taka þátt í verknámi og félagslífi í skólanum. Nemendurnir komu frá námsbrautum í málmíðnaði og hárgreiðslu. Þeir fengu að taka þátt í náminu og kynntust nemendum og var félagslegi þátturinn mikilvægur hluti reynslu þeirra. Tveir kennarar fóru með nemendum og dvöldu með þeim fyrstu vikuna. Þeir gátu því aðstoðað þá í upphafi dvalar en einnig átt samstarf við kennara skólans og séð hvernig námið er skipulagt. Heimsóknin var hluti af samstarfi skólanna, en sænskir nemar höfðu áður komið og dvalið í Verkmenntaskóla Austurlands og var því um gagnkvæm nemendaskipti að ræða.

### GÆÐAVIDMIÐ

Verkefnið fær viðurkenningu fyrir stjórnun, árangur og niðurstöður. Mjög vel var staðið að undirbúningi og framkvæmd verkefnisins af hálfu Verkmenntaskóla Austurlands. Nemendurnir fengu góðan undirbúning og þeim var mjög vel fylgt eftir með þátttöku tveggja kennara. Dvöl af þessu tagi er mikil upplifun fyrir nemendur og er samstarf verkmenntaskóla af þessu tagi mjög jákvætt, þar sem báðir aðilar njóta góðs af.

## ÞJÁLFUN RAFVIRKJANEMA

Verkefnisnúmer	ISL/06/A/IVT/164014
Umsækjandi	Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins
Tengiliður	Stefán Guðmundsson
Heimilisfang	Stórhöfði 31, 110 Reykjavík
Netfang	stefan@rafis.is
Sími	580 5252
Markhópur	Fólk í grunnstarfsnámi
Samstarfsaðilar	YIT A/S - Danmörk ELAJO Elinstallationer AB - Svíþjóð



### LÝSING Á VERKEFNI

Í þessu verkefni fengu þrír rafvirkjanemar á fjórða námsári tækifæri til að taka hluta af verklegu námi sínu í einu af Norðurlöndunum, en þátttakendur fóru til Danmerkur og Svíþjóðar og dvöldu þar í 12 vikur. Verkefnið var sérstaklega vel undirbúið. Fulltrúar Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins höfðu frumkvæði að samstarfi við samskonar fræðslustofnanir á Norðurlöndunum, heimsóttu stofnanirnar og undirbjuggu dvöl nemanna. Var góður undirbúningur grundvöllur árangursríkrar þjálfunar, þar sem það var grundvallaratriði þessa verkefnis að nemarnir fengu dvölinu að fullu metna sem hluta af sínu námi. Góður tungumálaundirbúningur var hluti af verkefninu.

### GÆÐAVIDMIÐ

Verkefnið fær viðurkenningu fyrir undirbúning, stjórnun og árangur. Undirbúningur og stjórnun þessa verkefnis var til fyrirmyndar þar sem starfsmenn Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins lögðu sig fram um góðan undirbúning og að tryggja að dvöl nemanna yrði árangursrík. Dvölin var samþykkt sem fullgildur hluti af námi þeirra og þeir fengu mikið út úr náminu, bæði faglega og félagslega.